

Föstudaginn 19. mars 1993.

Nr. 108/1991. **Rafn Hagan Steindórsson**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Hampiðjunni hf. og

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

til réttargæslu

(Haraldur Blöndal hrl.).

Skaðabætur. Örorka. Læknaráð. Aðfinnslur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1991. Krefst hann þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 28.234.393 krónur, en til vara aðrar tilgreindar lægri fjárhæðir, auk dráttarvaxta frá 1. maí 1989 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðherra 8. mars 1991 var áfrýjanda veitt gjafsókn í málinu fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara, að sér verði einungis gert að greiða hluta af kröfufjárhæð áfrýjanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi áfrýjanda að mati Hæstaréttar.

I.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra er álit læknaráðs frá 26. nóvember 1992, en með úrskurði Hæstaréttar 23. júní sama ár var málið að ósk lögmanna aðila lagt fyrir læknaráð. Var óskað rökstudds álits þess um eftirfarandi á grundvelli læknisfræðilegra gagna málsins og umfjöllunar í héraðsdómi:

„1. Telur læknaráð unnt að líta svo á, að rekja megi örorku áfrýjanda að nokkru eða öllu til þess atburðar, er varð í Hampiðjunni hf. 2. nóvember 1981?

2. Ef svo er, fellst lækna ráð þá á örorkumat Jónasar Hallgrímssonar lækni?

3. Ef ekki, hvernig ber þá að meta varanlega örorku áfrýjanda vegna hins umrædda atburðar?“

Álit lækna ráðs er svohljóðandi:

„Ad. 1. Já, lækna ráð telur, að rekja megi örorku áfrýjanda að verulegu leyti til þess atburðar, er varð í Hampiðjunni hf. 2. nóvember 1981.

Lækna ráð er sammála því, sem fram kemur í álitsgerð Vilhjálms Rafnssonar yfirlækni frá 11. júlí 1989, og bendir jafnframt á álit Tryggva Ásmundssonar, sérfræðings í lungnasjúkdómum, sem kemur fram á bls. 31 í hinum áfrýjaða dómi bæjarþings Reykjavíkur.

Ad. 2. Já, að öðru leyti en því, að lækna ráð telur örorkustig áfrýjanda vanmetið.

Lækna ráð telur varanlega örorku áfrýjanda 75% frá 1. maí 1987, sbr. mat Tryggingastofnunar ríkisins um, að hann sé algerlega óvinnufær.

Ad. 3. Sjá svar við spurningu nr. 2.“

II.

Hinn 5. desember 1989 gaf áfrýjandi að tilhlutan lögmanns síns skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík. Þar skýrir hann svo frá, að hann hafi byrjað störf hjá stefnda í september 1979. Í fyrstu hafi hann unnið í pípudeild, en síðar að eigin ósk við blýbræðslupott og við framleiðslu á blýteinum. Hinn 2. nóvember 1981 var áfrýjandi að bræða blý, sem hann segir hafa verið í 25 kílógramma klumpum og flutta að blýbræðslupottinum í búntum. Kveður hann nokkra blýklumpana hafa verið ataða tjöru, og hafi hann orðað það við verkstjóra sinn, að hreinsa þyrfti tjöruna af þeim, áður en þeir yrðu bræddir, en því hafi ekki verið sinnt. Áfrýjandi kveðst hafa valið úr hreina blýklumpa og sett í pottinn, en ekki lagt hina til hliðar. Síðasti klumpurinn, sem í pottinn fór, hafi hins vegar verið ataður tjöru að einhverju leyti og hann ekki veitt því athygli fyrr en um seinan. Er hann hafði lagt lokið yfir pottinn, hafi gosið upp eldur og lokið, sem var á hjörum, þeyst upp. Eldurinn hafi náð upp í viftu, sem var í trekt (reykgleypi) yfir

pottinum. Nokkurn reykh hafi lagt frá eldinum, og hafi hann vegna þess skipað öllum nærstöddum að hverfa af vettvangi. Sjálfur kveðst hann hafa rofið rafstraum til pottsins, en rafmagnstafla hafi verið rétt hjá pottinum. Jafnframt hafi hann tekið slökkvitæki, sem var í eins til tveggja metra fjarlægð, dælt úr því á eldinn og tekist að slökkva hann fljótlega. Hvorki var lögregla né slökkvilið kvatt á vettvang.

Áfrýjandi kveðst hafa verið á kvöldvakt, er atburður þessi átti sér stað, og orðið að hætta vinnu, áður en vaktinni lauk, vegna öndunarörðugleika af völdum reyks, sem hann hafi andað að sér, er hann var að slökkva eldinn í pottinum. Daginn eftir hafi hann leitað til læknis á slysadeild Borgarspítalans, en komið aftur til vinnu um það bil mánuði síðar og tekið þá til við fyrri störf. Í janúar 1986 hafi einkenni reykeitrunar svo tekið að gera vart við sig á nýjan leik.

Auk bræðslu á blýklumpum kveðst áfrýjandi hafa endurbrætt í pottinum blýteina, sem gallaðir komu úr framleiðslu. Hafi teinarnir verið bræddir, þegar nokkurt magn þeirra hafði safnast fyrir. Í þeim hafi verið nælonþráður, og hafi nokkur reykur og óþefur verið samfara þessari bræðslu. Áfrýjanda minnir, að hann hafi verið búinn að fást við framangreind störf í tvö ár, er umræddur atburður varð. Hann kveðst hafa verið ánægður með loftræstikerfi það, sem var yfir blýbræðslupottinum.

Lögmaður áfrýjanda beitti sér fyrir því, að fram fór rannsókn á vegum Vinnueftirlits ríkisins á vinnuaðstæðum í verksmiðju stefnda. Í skýrslu Sigurðar Þórarinssonar eftirlitsmanns, sem dagsett er 19. desember 1989, segir á þessa leið:

„Hinn 21. nóvember sl. skoðuðu undirritaður og Guðmundur Eiríksson blýbræðslupottinn, sem kviknaði í hjá Hampiðjunni.

Guðmundur, sem hafði eftirlit með Hampiðjunni, er slysið átti sér stað, telur, að blýbræðslupotturinn sé eins nú og hann var, er slysið varð, nema að búið er að setja rúlluband við hann, þannig, að hægt er að ýta blýinu eftir því og ofan í pottinn. Potturinn er hringlaga, ca. 630 mm í þvermál (utanmál) og með sléttan botn. Hæð hans er ca. 500 mm, veggþykkt ca. 95 mm, og ofan á honum er lok á lömum, og er það með handfangi.

Potturinn er hitaður með rafmagni, og er hitinn á blýinu, þegar

það kemur úr pottinum, ca. 460-480°C. Yfir pottinum er skermur, sem reykurinn safnast í, og rör úr skerminum og út úr húsi, en í rörinu er loftræstivifta, sem blæs reyknum út úr húsinu. Á skerminum eru plasthlífar á lömum, svo að hægt er að framlengja skerminn niður að pottinum.

Vinnueftirlitið hefur skoðað pottinn undanfarin ár frá því fyrir þetta slys, en engar athugasemdir gert við hann og telur, að nokkuð vel sé frá honum gengið. ...“

Við yfirheyrslur í málinu á bæjarþingi Reykjavíkur komu nokkrir starfsmenn stefnda fyrir dóm og gáfu skýrslur.

Jón Guðmundsson kveðst hafa unnið við blýbræðslupottinn. Hann telur, að það hafi ekki verið flókið verk. Endurbæðslu á blýteinum lýsir hann svo, að nælonþráðurinn úr þeim fljóti ofan á bræddu blýinu í pottinum og sé fleytt ofan af, þegar hann er orðinn að köggli. Jón kveður sér hafa verið kennt, að varast bæri að opna pottinn, fyrr en hætt væri að rjúka úr honum. Væri þess ekki gætt, yrði hætta á mikilli mengun og jafnvel að eldur kviknaði. Hann kveðst hafa unnið um eitt ár við blýbræðslupottinn. Hafi það verið á árunum 1982/1983, að hann ætla, og á þeim tíma hafi aldrei kviknað eldur í pottinum. Hann kveðst ekki heldur hafa séð það gerast, þegar aðrir voru að störfum við pottinn, en hins vegar séð rjúka vel úr honum.

Páll Ólafur Pálsson kveðst hafa unnið í verksmiðju stefnda á kvöldin og um helgar í 13 ár. Hann minnst þess, að stöku sinnum hafi kviknað eldur í blýbræðslupottinum, en veit ekki til, að nokkur hafi skaðast af því. Venja hafi verið að setja lokið yfir pottinn. Reykur úr honum hafi sogast upp í reykgleypinn yfir honum og út úr verksmiðjunni. Páll kveður mjög stórar dyr á vinnusalnum ávallt hafa staðið opnar, og jafnframt hafi gluggar verið opnir, svo að loftræsting hafi verið góð í vinnusalnum.

Eygló Óskarsdóttir kveðst hafa verið að störfum í verksmiðju stefnda, þegar umræddur atburður varð, en eigi orðið sjónarvottur að því, sem gerðist. Hún fullyrðir, að þeir, sem voru að vinna í grennd við blýbræðslupottinn, hafi ekki yfirgefið vinnusalinn, eftir að kviknaði í pottinum umrætt sinn.

Hektor Sigurðsson var yfirmaður áfrýjanda og ber honum vel sögu sem starfsmanni. Hann kveður marga hafa starfað við blý-

bræðslupottinn á þeim tíma, er áfrýjandi vann hjá stefnda. Hektor kveðst halda, að áður hafi komið fyrir, að eldur kviknaði í blý-bræðslupottinum. Ráð við því hafi verið að fella lokið yfir pottinn, en þá hafi eldurinn kafnað af súrefnisskortri.

III.

Áfrýjandi rekur heilsuleysi sitt og varanlega örorku eingöngu til atviks þess í verksmiðju stefnda 2. nóvember 1981, sem að framan er lýst. Telur hann varanlega örorku sína af völdum þessa atviks vera allt að 100% og vísar í því efni til framangreinds álits lækna-ráðs. Byggir áfrýjandi kröfur sínar í málinu á því, að stefndi beri fébótaábyrgð á atviki þessu og tjóni, er af því leiddi. Eru máls-ástæður og rök áfrýjanda, er að þessu lúta, rakin í hinum áfrýjaða dómi.

IV.

Hér að framan hafa verið raktar helstu upplýsingar, sem gögn málsins hafa að geyma um umræddan atburð. Starf það, sem áfrýj-andi hafði á hendi í verksmiðju stefnda, virðist ekki hafa verið margbrotið eða mjög vandasamt og ekki mikil slysaþætta samfara því, ef rétt var að verki staðið og næg aðgæsla höfð í frammi. Ætla verður, að áfrýjandi hafi með tveggja ára starfsreynslu að baki kunnað næg skil á starfi sínu, bæði réttum vinnubrögðum og því, sem varast þurfti við framkvæmd starfsins. Þess voru eldri dæmi, að eldur kviknaði í blýbræðslupottinum og átti ekki að koma að sök, ef rétt var brugðist við. Eru og líkur fyrir því, að til slíks hefði ekki þurft að koma, ef rétt vinnubrögð voru viðhöfð. Þá voru starfsskilyrði, sem áfrýjanda voru búin, í fullnægjandi horfi að mati Vinnueftirlits ríkisins, en aðstæður á vinnustað höfðu lítið breyst frá 1981, er vettvangsskoðun sú á vegum þess fór fram, sem að framan er lýst. Umræddur atburður var hvorki tilkynntur lögreglu né vinnueftirliti á sínum tíma, en telja verður vafasamt, að forráða-mönnum stefnda hafi mátt vera ljóst, eins og honum var háttað, og með hliðsjón af sambærilegum atvikum, er áður höfðu gerst, að um tilkynningarskylt slys væri að ræða.

Þegar allt framanskráð er virt, verður ekki talið, að lagaskilyrði séu til þess, að stefnda verði gerð fébótaábyrgð á umræddu atviki.

Reynir því ekki á það álitaefni, hvort örorka áfrýjanda verði til þess rakin. Samkvæmt því ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda í málinu.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti ákveðst 748.760 krónur, þar með talinn útlagður kostnaður hans af rekstri málsins, 148.760 krónur, samkvæmt kostnaðaryfirliti, sem lagt var fram í Hæstarétti, svo og laun skipaðs talsmanns áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmans, samtals 600.000 krónur. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

V.

Í hinn áfrýjaða dóm skortir alveg lýsingu dómara á þeim atburði, sem áfrýjandi rekur tjón sitt til og málsóknin byggist á. Á hinn bóginn er rakið í dóminum meginefni stefnu og greinargerðar stefnanda, án þess að úr því sé unnið og það fært til þess horfs, sem við á í dómi. Á mörgum blaðsíðum í dóminum er gerð ýtarleg grein fyrir margbrotinni kröfugerð stefnanda og rakin í löngu máli reifun kröfufjárhæða, eins og hún kemur fyrir í sóknargögnum, og er sundurliðun á dráttarvaxtakröfu þar ekki undan dregin. Þetta var með öllu ástæðulaust, þar sem af sýknu leiddi, að ekkert reyndi á kröfufjárhæðir í dóminum. Auk áfrýjanda gáfu átta vitni skýrslur á bæjarþingi Reykjavíkur. Í hinum áfrýjaða dómi er ekkert rakið úr þessum skýrslum, en aftur á móti eru nöfn vitnanna ásamt kennitölum og heimilisföngum talin upp í dóminum alveg að þarflausu. Þá er sá megingalli á hinum áfrýjaða dómi, að ekkert er fjallað um sjálfan grundvöll málsins, það álitaefni, hvort stefndi beri að lögum fébótaábyrgð á atviki því, sem varð í verksmiðju hans 2. nóvember 1981. Það er augljóst, að um þenna meginþátt málsins bar að fjalla ýtarlega og leiða hann til lykta, áður en sá þáttur málsins kæmi til álita, sem einn var tekinn til meðferðar í hinum áfrýjaða dómi, þ.e. orsakasamhengi milli atburðarins 2. nóvember 1981 og örorku áfrýjanda. Ljóst er af því, sem nú hefur verið rakið, að margt hefur farið afлага í hinum áfrýjaða dómi. Ber að átella það.

Kröfugerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti fór mjög úr böndum. Lætur nærri, að fjárhæð aðalkröfu hans sé tvöföld stefnufjárhæð í héraði, og var þar þó vel í lagt miðað við þau gögn, sem áfrýjandi hafði þá við að styðjast. Kröfufjárhæðir fyrir Hæstarétti eru í engu samræmi við nýjan örorkuútreikning, sem lagður var fram við munnlegan málflutning, en niðurstöðutala hans er 8.291.000 krónur, og er þá miðað við, að varanleg örorka áfrýjanda sé 100%. Byggjast fjárhæðir krafna áfrýjanda að verulegu leyti á útreikningum lögmanns hans. Mátti honum vera ljóst með hliðsjón af 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, að öll skilyrði brast til þess, að svo gegndarlaus kröfuhækkun yrði leyfð. Skiptir þá engu, þótt lögmaður stefnda hafi samþykkt fyrir sitt leyti, að kröfur áfrýjanda breyttust til samræmis við niðurstöðu lækna ráðs um varanlega örorku áfrýjanda.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Hampiðjan hf., á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Rafns Hagans Steindórssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 748.760 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 600.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Sannað er í máli þessu, að áfrýjandi er öryrki af völdum sjúkdóms í öndunarfærum. Eru kröfur hans í málinu á því reistar, að rekja megí örorkuna til áfalls, sem hann varð fyrir í vinnu hjá stefnda, Hampiðjunni hf., á árinu 1981, þegar eldur gaus upp í bræðslupotti, sem notaður var til bræðslu á blýi, er síðan var mótað í blýteina. Hafði það verið aðalstarf áfrýjanda um nokkurt skeið að annast þessa vinnslu, og átti hann að vera orðinn henni vanur. Um var að ræða tiltölulega einfalda og frumstæða vinnslu, og upplýst er í málinu, að búnaður til hennar var ekki talinn aðfinnslu-

verður af hálfu Vinnueftirlits ríkisins. Eigi að síður var í henni fólgin sérstök hættu, sem kom fram gagnvart áfrýjanda í þetta sinn.

Atburður sá, sem áfrýjandi höfðar til, var ekki rifjaður upp af öðrum fyrr en löngu síðar, en atvikalýsing áfrýjanda má heita óumdeild að öðru en því, að stefndu segja hann hafa getað brugðist við eldinum með skjótvirkari aðferð en hann viðhafði. Ósannað verður þó að telja, að áfrýjandi hafi beitt röngum vinnubrögðum, og liggur nær að álykta, að eldurinn í þetta sinn hafi verið óvenjumikill. Sé atburðurinn þannig slys af því tagi, sem fyrir gat komið við vinnsluna, án þess að saknæmu gáleysi starfsmannsins væri til að dreifa.

Álit lækna á atburðinum og aðstæðum við vinnsluna eru ýtarlega rakin í hinum áfrýjaða dómi, og fyrir Hæstarétt hefur nú verið lögð umsögn læknaráðs. Enginn þeirra lækna, sem að málinu hefur komið, telur það útilokað, að umræddur atburður feli í sér orsök að sjúkdómi áfrýjanda, og í umsögn sinni hefur læknaráð staðfest það álit Jónasar Hallgrímssonar lækni, að rekja megí örorku áfrýjanda til hans að verulegum hluta. Þessi tengsl atburðar og örorku eru meðal sannana um þá hættu, sem fólgin var í starfi áfrýjanda, og er eðlilegt að líta á þau í samhengi við önnur atvik, þegar fjallað er um skaðabótaskyldu vegna atburðarins.

Viðurkennt er að lögum, að atvinnurekandi geti orðið ábyrgur um greiðslu skaðabóta fyrir líkamstjón af völdum slyss eða sjúkdóms, sem starfsmaður hans verður fyrir við hættusama vinnu, þótt tjónið verði ekki beinlínis rakið til vanbúnaðar á vinnustaðnum eða vanrækslu um leiðsögn eða öryggi starfsmanna. Í máli þessu er ekki sannað, að beinum vanbúnaði eða skorti á þjálfun eða leiðbeiningum af hálfu vinnuveitandans verði um það kennt, sem kom fyrir áfrýjanda. Eigi að síður verður að telja rétt, þegar málsatvik eru virt í heild og litið er til hættunnar af vinnslunni og hinna alvarlegu afleiðinga, sem raktar eru til umrædds atburðar, að leggja bótaábyrgð á stefnda vegna örorku áfrýjanda að því leyti, sem hún verður talin eðlileg afleiðing af honum. Erfitt er að meta umfang þessarar ábyrgðar eftir þeim gögnum, sem fram eru komin í málinu. Þar sem niðurstaða annarra dómenda er á þá lund, að stefndi geti ekki talist bótaskyldur, er ekki ástæða til að gera því mati nánari skil.

Í greinargerð stefnda í héraði segir svo í upphafi, að mál þetta snúist um, hvort heilsufar áfrýjanda megi rekja til þess atburðar, sem hér var um fjallað. Ætla má, að efnistöð í héraðsdómi hafi að einhverju mótast af þessu viðhorfi varnar megin í málinu, og verður ekki að því fundið.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. desember 1990.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms föstudaginn 23. nóvember sl., hefur Rafn Hagan Steindórsson, kt. 270856-5789, Digranesvegi 87, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 5. febrúar 1990, á hendur Hampiðjunni hf., kt. 590169-3079, Stakkholti 2-4, Reykjavík, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík, til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, Hampiðjan hf., Reykjavík, verði dæmdur til að greiða stefnanda skaða- og miskabætur auk útlagðs kostnaðar, að fjárhæð 14.912.325 kr., auk dráttarvaxta með eftirgreindum hætti:

— — —

Þá krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að mati réttarins, sbr. fram lagðan málskostnaðarreikning, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Þá beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. og lög nr. 67/1989, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, sbr. 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, 21. gr. laga nr. 54/1988, sbr. 3. mgr. 5. gr. gjaldskrár Lögmannafélags Íslands, og 5. gr. laga nr. 67/1989. Þá verði stefnda gert að greiða stefnanda 24,5% virðisaukaskatt af málskostnaði, sbr. lög nr. 50/1988 auk áorðinna breytinga.

Stefnandi gerir áskilnað um hækkun krafna, þ. m. t. við hugsanlega áfrýjun dóms í málinu, ef svo skyldi fara, að verðgildi íslenskrar krónu rýrnaði fyrir endanlegan dóm í málinu.

Af hálfu stefnanda eru ekki gerðar kröfur á hendur réttargæslustefnda.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnda verði einungis gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsettu 4. október 1989, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu. Eru af hálfu stefnanda gerðar þær

dómkröfur í málinu með hliðsjón af gjafsóknarheimild, að allur gjafsóknarkostnaður í málinu greiðist úr ríkissjóði til skipaðs málflutningsmanns stefnanda.

Í þinghaldi 31. október 1990 lýstu lögmenn málsaðila yfir, að þeir óskuðu ekki eftir umsögn lækna ráðs í máli þessu.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi kveður helstu málsatvik þau, að hann hafi 2. nóvember 1981 orðið fyrir alvarlegu heilsutjóni vegna slyss, er hann hafi orðið fyrir við vinnu sína í Hampiðjunni hf., Reykjavík, en hann hafi verið þar starfsmaður, þegar kviknaði þar í blýpotti, sem hann hafi unnið við. Af hálfu vinnuveitanda, stefnda, Hampiðjunnar hf., hafi ekki verið tilkynnt um slysið né gerðar neinar aðrar ráðstafanir. Tilkynning Hampiðjunnar hf. um slysið sé dagsett 30. mars 1987, röskum fimm árum eftir, að vinnuslysið hafi orðið. Stefnandi hafi leitað til slysadeildar Borgarspítalans í Reykjavík, og samkvæmt sjúklingadagbók þar sé stefnandi talinn hafa orðið fyrir reyk eitrun og hugsanlegri blýeitrun.

Framhaldsrannsóknir lækna og sérfræðinga greini, að stefnandi hafi hlotið verulegt heilsutjón vegna umrædds vinnuslyss, svo sem slæman asmasjúkdóm, og sé stefnandi öryrki. Samkvæmt örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis, dagsettu 3. apríl 1989, sé stefnandi metinn 50% varanlegur öryrki vegna afleiðinga reykmenunarinnar í ofangreindu vinnuslysi í Hampiðjunni hf. í Reykjavík. Sé sú örorka miðuð við 1. maí 1987, en auk örorkubóta leggi hinn sérfróði tryggingalæknir til í matinu, að stefnandi fái háar miska- og þjáningabætur.

Á grundvelli ofangreinds örorkumats liggi fyrir í málinu örorkutjónsútreikningur, dagsettur 13. apríl 1989, frá Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingastærðfræðingi, þar sem höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda reiknist á slysdegi 2. nóvember 1981 2.854.400 kr., og samkvæmt útreikningum sama sérfróða aðila, dagsettum 8. desember 1989, sé tjón stefnanda á slysdegi 2. nóvember 1981 vegna tapaðra lífeyrisréttinda talið nema 171.300 kr.

Með hliðsjón af skýrslum og álitsgerðum lækna og annarra sérfróðra aðila og aðstæðum öðrum, sbr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, er af hálfu stefnanda gerð krafa um miskabætur í málinu, svo sem vegna þjáninga, heilsutjóns, lýta, röskunar á stöðu og högum, andlegs og líkamlegs álags og sárinda, að fjárhæð 3.400.000 kr., miðað við slysdaginn 2. nóvember 1981, sbr. hér einkum álit hins sérfróða aðila í örorkumati.

Stefnufjárhæðin sé að fjárhæð 14.912.325 kr. og sé þannig reiknuð út:

— — —

Forsvarsmönnum stefnda og lögmönnum stefnda og réttargæslustefnda hafi jafnóðum verið kynnt öll gögn málsins og kröfugerðir. Ekki hafi af hálfu stefnda náðst nein eðlileg samvinna til að leysa málið með samkomu-lagi eða liðka fyrir slíku né hafi af hálfu stefnda verið unnið að því að upplýsa málið, svo sem að veita upplýsingar um ábyrgðartryggingar. Vegna þessarar framkomu forsvarsmanna stefnda hafi orðið að leggja óvanalega mikla og erfiða vinnu í málið.

Nánari útreikningur á stefnukröfunni sé þessi:

— — —

Stefnandi vísi til þess, að rekja megi orsakir umrædds slyss til atriða og atvika, er stefnda, Hampiðjuna hf., varði og stefndi beri ábyrgð á samkvæmt reglum skaðabótaréttar. Hér sé vísað til vanbúnaðar og galla á vélum og tækjum og skorts á öryggi, þjálfunar starfsmanna og öryggis-búnaðar þeirra, vanrækslu við verkstjórn, hollustuvernd og eftirlit. Rekja megi orsakir til mistaka við verkstjórn og eftirlit, umbúnað og öryggi, auk þess sem stefndi hafi áður fengið sérstök tilefni til að veita hættuástandinu sérstaka athygli og ráða bót á því. Sé því um að ræða ítrekaða vanrækslu af hálfu stefnda og starfsmanna, er stefndi beri ábyrgð á samkvæmt reglum skaðabótaréttar, m. a. svonefnda húsbóndaábyrgð. Komi hér og til almennar reglur skaðabótaréttar, saknæmisreglan, og skaðabótaábyrgð stefnda á grundvelli hlutlægrar ábyrgðar og ábyrgðar tengdrar hættulegum atvinnurekstri og fleira.

Fyrir liggi, að forsvarsmenn stefnda hafi tilkynnt umrætt atvik sem vinnuslys til Tryggingastofnunar ríkisins fyrst 30. mars 1987, en hafi ekki sinnt skyldu sinni um tilkynningu, sbr. 2. mgr. 81. gr. laga nr. 46/1980 og laga nr. 15/1986, sbr. áður 26. gr. laga nr. 23/1962 og tengdar reglugerðir, og hafi stefndi þar með tekið á sig af þeirri ástæðu einni fébóta-skyldu og skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna tjóns hans í um-ræddu slysi, enda hafi forsvarsmenn stefnda hvorki kallað til lögreglu, slökkvilið né vinnueftirlit til rannsóknar á slysinu né til öryggis. Með þessu atferli hindri forsvarsmenn stefnda eðlilega rannsókn á slysinu og tildrögum þess og taki á sig alla ábyrgð varðandi skaðabótakröfur stefnanda. Hér megi og nefna reglur, sem gildi um öfuga sönnunarbyrði varðandi ábyrgð, orsakir og annað, er tengist umræddu vinnuslysi og tjóni af því. Hér sé einnig vísað til tilkynningar um vinnuslys, dagsettrar 30. mars 1987, til Tryggingastofnunar ríkisins frá stefnda, Hampiðjunni hf., sem í felist viðurkenning af hálfu stefnda, að um sé að ræða vinnuslys á ábyrgð stefnda.

— — —

Stefndi, Hampiðjan hf., sé skrásett hlutafélag með varnarþing í Reykja-vík, og sama eigi við um réttargæslustefnda.

3.0.

Stefndi, Hampiðjan hf., segir mál þetta snúast um, hvort bágt heilsufar stefnanda megi rekja til þess, er 2. nóvember 1981 kviknaði í blýpotti í starfsstöð stefnda, en stefnandi hafi haft umsjón og eftirlit með pottinum.

Stefnandi hafi gefið lýsingu á þessum atburði. Sé atvikalýsingu hans mótmælt, en af hálfu stefnda sé því haldið fram, að í umrætt sinn hafi ekki orðið neinn teljandi eldur, heldur hafi einungis kviknað eldur í blýpottinum, vegna þess að stefnandi, er hafi annast um pottinn, hafi ekki hreinsað nægjanlega sora, er hafi safnast ofan á bráðið blýið, og vegna þess að stefnandi hafi látið óhreint blý í bræðslu þvert gegn leiðbeiningum. Þegar eldur gjósi svona upp, sé sáraeinfalt að slökkva hann, en stefnandi hafi eigi notað þau vinnubrögð.

Lýsingu stefnanda á reykjarkófi sé mótmælt, en á það bent, að blýpotturinn sé í stórum og rúmgóðum sal og opið út. Hafi ekki fallið niður vinna vegna þessa atburðar, nema meðan starfsfólk horfði á stefnanda slökkva eld sinn.

Því sé gersamlega mótmælt, að stefnandi hafi fengið mein sín vegna umrædds atviks. Á læknisvottorði Davíðs Gíslasonar, sérfræðings í lyflækningum og ónæmissjúkdómum, dagsettu 11. október 1988, komi fram, að stefnandi hafi leitað til læknis í ársbyrjun 1986 vegna andþrengsla og surgs fyrir brjósti. Þá hafi stefnandi ekki talið, að veikindin mætti rekja til slyssins, heldur til annarra atvika. Segi Davíð Gíslason læknir í þessu vottorði, að sig skorti allar upplýsingar um heilsufar stefnanda fyrir og eftir brunann til þess að geta fullyrt um samband lungnaeinkenna hans og brunans. Sömu sögu segi Kristjana Kjartansdóttir heilsugæslulæknir í vottorði, dagsettu 31. júlí 1989.

Dr. med. Vilhjálmur Rafnsson segi á bls. 11 í greinargerð um asma vegna sjúkdóms stefnanda, dagsettri 11. júlí 1989, að stefnandi telji, „að öndunarfæraeinkenni hafi hann fyrst orðið var við á árinu 1979, þegar hann vann á róradeild Hampiðjunnar í Stakkholti“.

Af þessu sé ljóst, að fullyrðingar stefnanda um orsök meina sinna fái ekki staðist, og sé sönnu nær, að þær séu til komnar síðar, en raunverulegar orsakir séu annars eðlis. Rétt sé jafnframt að benda á, að stefnandi sé ekki heilsuhraustur að upplagi og reyki. Sé því haldið fram, að ósannaðar séu orsakir sjúkdóms hans.

Þá sé á það bent, að stefnandi hafi lýst því fyrir læknum, að hann hafi verið með andþrengsli á þessum tíma, er slysið varð, en eigi skýrt vinnuveitanda sínum frá því né óskað eftir því, að sér yrði skipað til vinnu, þar sem ekki væri hætt á, að hann fengi mein af.

Verði ekki fallist á sýknukröfu, sé því haldið fram, að stefnandi eigi að hluta til sök á tjóni sínu, annars vegar með röngum vinnubrögðum við að

slökkva greindan eld, en hins vegar með því að leynd því, að hann væri með andþrengsli. Sé því haldið fram, að stefnandi beri meginhluta sakar vegna þessa.

— — —

Við aðalmeðferð málsins gáfu auk stefnanda eftirgreindir skýrslu fyrir dómi: Jónas Hallgrímsson læknir, kt. 060931-2599, Tjarnarbraut 2, Garðabæ, Vilhjálmur Rafnsson læknir, kt. 290845-4759, Ljósheimum 7, Reykjavík, Hektor Sigurðsson, innkaupastjóri í Hampiðjunni hf., kt. 130921-2649, Kópavogsbraut 1 A, Kópavogi, Eygló Óskarsdóttir, verkstjóri hjá Hampiðjunni hf., kt. 280740-2929, Grettisgötu 31, Reykjavík, Jón Guðmundsson, verkamaður hjá Hampiðjunni hf., kt. 080563-3379, Dalseli 17, Reykjavík, Páll Ólafur Pálsson, fyrrverandi starfsmaður hjá Hampiðjunni hf., kt. 230137-4639, Hagaflöt 2, Garðabæ, Davíð Gíslason sérfræðingur, kt. 170241-4529, Eskiholti 8, Garðabæ, og Kristjana Kjartansdóttir læknir, kt. 260141-2109, Frostaskjólí 15, Reykjavík.

4.0.

Í greinargerð um asma vegna sjúkdóms stefnanda eftir Vilhjálm Rafnsson dr. med., yfirlækni, dagsettri 11. júlí 1989, segir m. a. svo um aðdraganda þessa máls:

— — —

5.0.

Í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis, dagsettu 3. apríl 1989, segir svo m. a.:

— — —

6.0.

Rafn hefur verið til rannsóknar á vegum Vinnueftirlits ríkisins út af greindu slysi, og liggur fyrir í málinu bréf Vilhjálm Rafnssonar yfirlæknis til lögmanns stefnanda, dagsett 29. september 1988, en þar segir svo m. a.:

— — —

7.0.

Enn fremur hefur stefnandi verið hjá Davíð Gíslasyni, sérfræðingi í lyflækningum og ofnæmissjúkdómum, vegna rannsókna, og einnig hefur Davíð annast alla meðferð sjúkdóms stefnanda. Liggur fyrir í málinu bréf Davíðs til lögmanns stefnanda, dagsett 11. október 1988, en þar segir svo m. a.:

— — —

8.0.

Upplýst var við aðalmeðferð málsins, að greinargerð um asma vegna sjúkdóms stefnanda eftir Vilhjálm Rafnsson yfirlækni, dagsett 11. júlí 1989, bls. 7 og áfram, hafi verið þýdd á ensku og send til umsagnar Du Pont Canada Inc. Í bréfi Williams L. Sprout lækni, sem starfar hjá I. Du Pont de Nemours and Company, dagsettu 25. október 1990, og lagt hefur verið fram í málinu ásamt þýðingu Páls Heiðars Jónssonar, löggilts skjalabýðanda, séu sjónarmið sérfræðings félagsins um þessi efni. Í bréfinu segir m. a.:

— — —

9.0. Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi sækir bótakröfu sína á grundvelli þess atviks, sem varð 2. nóvember 1981, er hann var starfsmaður í Hampiðjunni hf. við Þverholt í Reykjavík og þar kviknaði í blýpotti, sem hann vann við.

Til þess að bótaréttur geti stofnast til handa stefnanda, verður hann að sýna fram á, að orsakasamband sé milli áðurgreinds atviks í Hampiðjunni 2. nóvember 1981 og heilsutjóns síns. Breytir hér engu um, þótt tilkynning til Tryggingastofnunar ríkisins um slysið hafi verið síðbúin, þar sem fram kom við aðalmeðferð málsins, að stefndu bera ekki í meginatriðum bríður á lýsingu stefnanda sjálfs á slysatburðinum og atburðurinn þykir að öðru leyti nægilega upplýstur, þ. e. óvissa er ekki um atvik að slysinu.

Svo sem að framan er rakið, treystir Davíð Gíslason, sérfræðingur í lyf-lækningum og ofnæmissjúkdómum, sér ekki til að fullyrða um samband lungnaeinkenna stefnanda og brunans. Við munnlega skýrslutöku fyrir dómi kvaðst hann ekki hafa orðið var við eða lesið um svo mikinn og langvarandi asma eftir eitt slíkt atvik, svo sem hér um ræðir. Vilhjálmur Rafnsson dr. med., yfirlæknir hjá Vinnueftirliti ríkisins, er annarrar skoðunar; hann telur, að orsakasamband sé á milli þessa atviks og sjúkdóms stefnanda. Fram kemur í bréfi Kristjönu Kjartansdóttur heilsugæslulækni til lögmanns stefnanda, dagsettu 31. júlí 1989, að áhrif asma á líf einstaklinga sé erfitt að meta. Sjúkdómurinn sé mjög margbreytilegur og duttlungafullur og ógerlegt að segja fyrir fram um þróun. Jónas Hallgrímsson læknir, sem að verulegu leyti styðst við skýrslur annarra lækna, segir í áðurgreindu örorkumati sínu, að hann telji, að ekki sé unnt eingöngu að kenna þeirri mengun, er stefnandi varð fyrir, er kviknaði í blýpottinum, um óvinnufærni hans, eins og á standi. Mjög erfitt sé að finna sanngjarnan dóm í þessu máli, bæði hvað snerti afleiðingar slyssins og almenna starfsorku stefnanda nú.

Svo sem vinnustað og aðstöðu stefnanda er lýst í málskjöllum, verður vinnuumhverfi hans að teljast hafa verið forsvaranlegt. Hefur það einnig verið svo að mati Vinnueftirlits ríkisins. Segir m. a. svo orðrétt í bréfi þess

til lögmanns stefnanda, dagsettu 19. desember 1989: „Vinnueftirlitið hefur skoðað pættinn undanfarin ár frá því fyrir þetta slys, en engar athugasemdir gert við hann og telur, að nokkuð vel sé frá honum gengið.“ Í skýrslu til rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík 5. desember 1989, bls. 2, er haft eftir stefnanda m. a. orðrétt: „Kveðst hann hafa verið ánægður með loftræstikerfi það, sem komið var fyrir ofan við bræðslupottinn, kerfi, sem var útbúið með viftu, staðsettri í þar til gerðri trekt ofan við pottinn. Segir hann viftuna hafa sogað reyk frá pottinum og blásið honum út í gegnum loftræstirör.“ Hvergi er að finna í málskjöllum, að bilun hafi orðið í búnaði eða tækjum við umræddan blýbræðsluofn, en í áðurgreindri skýrslu stefnanda kemur fram, að í umrætt skipti muni hann hafa sett í blýbræðslupottinn blýklump ataðan tjöru.

Í læknisfræði eru orsakir asmasjúkdóma lítt þekktar, jafnframt því sem þær eru taldar bæði fjölbreytilegar og einstaklingsbundnar. Dómurinn telur ekki kleift að útiloka margar samverkandi ástæður til sjúkdóms stefnanda. Að áliti annars meðdómsmannsins, Tryggva Ásmundssonar læknis, sérfræðings í lungnasjúkdómum, er ekki unnt að hafna því, að sjúkdómur Rafns tengist umræddri reykeitrún. Væri þá um að ræða svonefnt „reactive airways disease syndrome“, sem getur fylgt í kjölfar reykeitrunar. Þeir sjúklingar fá sjúkdóm, sem líkist að öllu leyti „intrinsiskum“ asma og kemur venjulega fram innan fjögurra vikna frá eitruninni. Sjúkdómurinn gengur oftast til baka á nokkrum vikum, þótt þess séu dæmi, að hann geti varað árum saman.

Það er þó álit dómsins, að þótt kviknað hafi eldur og nokkur reykmengun orðið við umrætt vinnuslys, verði slíkur atburður einn sér ekki talinn líklegur til að valda asma þeim, sem stefnandi er haldinn. Vinnuslys, eins og hér um ræðir, hefur því tæpast eitt sér getað valdið sjúkdómnum. Í þessu sambandi verður að líta til þess, að stefnandi mun hafa orðið var við öndunarþrengsli þegar árið 1979, en asma á háu stigi mun hann ekki hafa fengið fyrr en seint á árinu 1985. Hafi stefnandi þegar haft asmaeinkenni, gætu líkur staðið til, að umrætt slys hafi að einhverju leyti valdið því, að sjúkdómurinn versnaði tímabundið. Ekki eru þó líkur fyrir, að umrætt slys hafi beinlínis ráðið úrslitum um það, að sjúkdómur stefnanda komst á það stig, sem raun ber vitni.

Eftir atvikum verður því að teljast ólíklegt, eins og mál þetta liggur fyrir, að eldurinn í blýbræðslupottinum í Hampiðjunni 2. nóvember 1981 sé orsök heilsutjóns stefnanda. Dómurinn er því þeirrar skoðunar, að læknisfræðilega sé ósannað, að upphafið á sjúkdómi stefnanda verði rakið til umrædds atviks á vinnustað hans. Stefnanda hefur því ekki samkvæmt gögnum málsins tekist að sýna fram á þá staðhæfingu sína, að umrætt slys hafi valdið þeim asma-sjúkdómi, er hann býr við nú.

Í málinu er ekki byggt á því atviki, er stefnandi segist hafa unnið árið 1979 í röradeild Hampiðjunnar og ofhitnað hafi í sérstökum blöndunarpotti fyrir PVC-plast (polývinýlklóríð), svo að hráefnið í pottinum hafi bráðnað saman, en stefnandi ásamt öðrum starfsmanni mun hafa brotið upp bráðinn massann úr pottinum með meitli. Stefnandi segist hafa fundið til óþæginda í brjósti við þetta verk, en samkvæmt áðurgreindri greinargerð Vilhjálms Rafnssonar yfirlæknis, dagsettri 11. júlí 1989, telur stefnandi, að öndunarfæraeinkenna hafi hann fyrst orðið var árið 1979. Með því að stefnandi reisir málflutning sinn ekki á þessum atburði og ekki er minnst á hann í stefnu eða greinargerð stefnanda og þar sem liðin eru meira en tíu ár frá þessum atburði og fyrstu einkennum vegna hans, treystir dómurinn sér ekki til að leggja þetta atvik til grundvallar við úrlausn málsins.

Aðrir atburðir sem orsakir að sjúkdómi stefnanda eru ekki til úrlausnar í þessu máli. Þar sem ósannað þykir samkvæmt framansögðu, að áðurgreint vinnuslys í Hampiðjunni hf. 2. nóvember 1981 hafi á nokkurn hátt verið orsök að heilsutjóni stefnanda, verður, eins og atvik standa til í þessu máli, að sýkna stefnda, Hampiðjuna hf., af kröfum hans.

Eftir atvikum og með tilvísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þ. e. útlagður kostnaður, 100.000 kr., og málflutningslaun skipaðs lögmanns gjafsóknarhafa, sem teljast hæfilega ákveðin 350.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, samtals 450.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Jakobi Kristinssyni, dósent í eiturefnafræði, og Tryggva Ásmundssyni lækni, sérfræðingi í lungnasjúkdómum.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hampiðjan hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Rafns Hagan Steindórssonar, í máli þessu.

Málkostnaður fellur niður. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þ. e. útlagður kostnaður, 100.000 kr., og málflutningslaun skipaðs lögmanns gjafsóknarhafa, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, sem teljast hæfilega ákveðin 350.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, samtals 450.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.